

**Nd.**

**443. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að veita Þingeyrar-, Mosvalla- og Suðureyrarhreppum í Vestur-Ísafjarðarsýslu alt að 35000 kr. lán til kolanáms.

Flutningsmaður: Matthías Ólafsson.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að veita Þingeyrar-, Mosvalla- og Suðureyrarhreppum í Vestur-Ísafjarðarsýslu alt að 35000 kr. lán til kolanáms í Botni í Súgandafirði, gegn ábyrgð sýslufjelagsins.

Lánið veitist gegn 5% vöxtum, sje afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist úr því með jöfnum afborgunum á 4 árum.

### Greinargerð.

Ofanefndir hreppar hafa tekið mókolanámu í Botni í Súgandafirði á leigu til næstu þriggja ára. Nú er óhjákvæmilegt að byggja hús á staðnum yfir verkafólk, geymslu áhalda o. þ. u. l. Enn fremur þarf að leggja veg frá námunni til sjávar, borga verkafólki o. s. frv. Hins vegar er ekki að vænta, að borgun fyrir kolin komi inn fyr en einhverntíma á vetrinum 1918—1919.

Þar sem mókolin í þessari námu munu vera með þeim bestu hjer á landi og í þessum hreppum eru 3 einhver stærstu kaптún á Vesturlandi, og því mikil þörf á eldsneyti, virðist sanngjarnt að verða við þessum tilmælum, enda virðist áhættan lítil, þar sem líkindi eru til að kolanámið sje litlum erfiðleikum bundið og kaupendur að kolunum vissir fyrirfram með ákveðnu verði.